

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 2000

3. febrúar 2000

263

Nr. 66

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012, Ásar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 3. febrúar 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012 frá 2. júní 1995.

Breytingin snertir svæði sem er 2,4 ha að stærð og skilgreint er sem opið svæði og að nokkru opið svæði til sérstakra nota (golfvöllur). Svæðið verði skilgreint undir íbúðabyggð, þó þannig að skilin eru eftir opin svæði beggja vegna Leynislækjar. Svæðið liggur að mörkum Innra-Akraneshrepps.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 3. febrúar 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

3. febrúar 2000

Nr. 67

REGLUR

um reikningskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í reglum þessum gilda ákvæði laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og nr. 145/1994, um bókhald, svo og góðar bókhalds- og reikningskilavenjur um gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Gulleign bankans skal meta á síðasta skráða verði ársins, eins og það er ákvarðað af Fixing Committee of the London Bullion Association.